

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2023 (120. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.10.2023 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Gísli Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	utanríkisráðuneytið, öryggissvæðið

1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Athugasemdir við drög að skipulags- og matslýsingu

Drög að skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar voru auglýst frá 8. september til 6. október 2023. Athugasemdir og ábendingar bárust frá eftirtöldum aðilum:

Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, dags. 3. október 2023:

- Flugöryggi og flugrekstraröryggi eiga að vera í algjörum forgangi í allri áætlanagerð á alþjóðaflugvöllum. Skipulagstillögurnar virðast fyrst og fremst snúast um upplifun farþega en ekki hvort hægt sé að koma farþegum örugglega til og frá flugvelli í flugi.
- Flugbraut með stefnu sem næst 15/33 er nauðsynlegri en samsíða 01/19 braut til að auka nýtingu vallarins, flug- og rekstraröryggi. Lögð er höfuðáhersla á að hún verði gerð áður en samsíða 01L/19R verður gerð.
- Miðlægt afisingarplan er ekki besta lausnin. Flugvélar þurfa að fá afisingu við brautarenda og fara svo strax í flugtak. Vegalengdir og tími milli afisingar og flugtaks þarf að vera sem stytur.
- Útrýma þarf fjarstæðum eins og kostur er.
- Staðsetning slökkvistöðva þarf að vera þannig að viðbragðstími verði sem stytur. Slökkvistöðvar á alþjóðaflugvöllum þurfa að vera tvær eða þrjár eftir atvikum.

Suðurnesjabær, dags. 21. september 2023. Gerir ekki athugasemdir.

Reykjanesbær, dags. 20. september 2023. Gerir ekki athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 6. október 2023. Bendir á að mikilvægt fuglasvæði (Rosmhvalanes) liggur að skipulagssvæðinu.

Skipulagsstofnun, dags, 2. október 2023. Gerir ekki athugasemdir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, dags. 29. september 2023. Ábending varðandi tilkynningar- og starfsleyfisskyldar framkvæmdir og bendir á skort á upplýsingum um þróun fráveitu skolps.

Vegagerðin, dags. 3. október 2023. Óskað er eftir samráði vegna almenningssamgangna, umferðarþunga, bílastæða og tenginga við þjóðveg. Skoða þarf veghald Vegagerðarinnar innan Keflavíkurflugvallar.

Kadeco, dags. 6. október 2023. Gerir engar efnislegar athugasemdir og fagnar náinni samvinnu við félagið.

Samgöngustofa, dags. 6. október 2023. Fjallar um legu flugbrauta og eru athugasemdir áþekkar athugasemdum Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem greint er frá hér að ofan. Auk þess er fjallað m.a. um afísingarsvæði loftfara og flugverndarkröfur.

Umhverfisstofnun, dags. 6. október 2023. Vekur athygli á að uppfærsla aðgerðaráætlunar stjórnvalda er í vinnslu og fjallar um loftgæði, fráveitu, vatnamál, hljóðvist, mengandi jarðveg og úrgang.

Sveitarfélagið Vogar, dags. 5. október 2023. Gerir engar athugasemdir.

Landsnet, dags. 10. október 2023. Vekur athygli á að 132 kV jarðstrengur á vegum fyrirtækisins liggur innan skipulagssvæðisins. Telur áriðandi að hafa aðgang að línumannvirkjum sínum. Bendir á kerfisáætlun Landsnets.

Innviðaráðuneytið, dags. 13. október 2023. Gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Fjallar um öryggiskröfur , legu flugbrauta m.t.t. vindátta. Sjá einnig athugasemdir Öryggisnefndar FÍA hér að ofan.
- Demantssvæðið og möguleg áhrif þess á flugöryggi.
- Aðgengi flugfarþega og starfsfólks að almenningssamgöngum.
- Gera verður ráð fyrir þeim möguleika að innanlandsflug verði um Keflavíkurflugvöll.
- Fjallað verði um áskoranir í loftslagsmálum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar tekur heils hugar undir þau sjónarmið varðandi m.a. flugöryggi, legu flugbrauta og innanlandsflug sem fram koma í athugasemdum innviðaráðuneytis, Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna og

Samgöngustofu. Mun skipulagsnefndin fylgja því eftir við vinnslu aðalskipulagsins að tekið verði fullt tillit til þessara atriða.

Jón B. Guðnason, fulltrúi utanríkisráðuneytis, öryggissvæðis, lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi öryggissvæðisins, svæði „B“, gerði athugasemd við þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar sem vísað er til í Skiplags- og matslýsingu en þróunaráætlunin er ekki í samræmi við núverandi öryggis- og rekstrarforsendur, flugumferð um Keflavíkurflugvöll og þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Nánar er vísað til framkvæmdatíma þriðju flugbrautarinnar, verkefni sem þegar ætti að vera til framkvæmdar.

2. Nýr göngustígur við Fálkavöll. Framkvæmdaleyfi

Isavia óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna gerðar nýs göngustígs við Fálkavöll skv. teikningu Tækniþjónustu SÁ ehf.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

3. Stækkun Keflavíkurflugvallar, mat á umhverfisáhrifum

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 6. október 2023, þar sem greint er frá álitum stofnunarinnar um umhverfismat framkvæmdar vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar.

4. Aðalskipulag Reykjanesbæjar, Vatnsnes M9. Breyting á aðalskipulagi

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 9. október 2023, varðandi tillögu um óverulega breytingu á skipulagsreit M9 Vatnsnesi. Breytingin felst í aukningu byggingarmagns og fjölgun íbúða.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Netfang skipulagsnefndar keflavíkurflugvallar

Netfang skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður hér eftir skipulagsnefnd@isavia.is.

6. Næstu fundir

Næstu fundir skipulagsnefndarinnar eru fyrirhugaðir 27. nóvember og 18. desember 2023. Í ljósi umsagna innviðaráðuneytis, Öryggisnefndar FÍA og Samgöngustofu í lið 1. hér að framan verður óskað eftir að fulltrúar Isavia/RUMSK mæti á fundinn þann 27. nóvember.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>